

— Ertu að meina það! Ég er búin að vera á leiðinni þangað í mörg ár. Komdu inn! Þér vil ég kynnast, skelltu appelsínunum bara á eldhúsbordinu. Úpsi! sagði hún svo, — ég er aftur að gleyma mér, ég ætlaði að baka brauð.

Sjálfri mér til furðu gekk ég inn á eftir henni. Kannski var það tilhugsunin um nýbakað brauð sem fékk mig til að elta hana eða kannski var það fjálsleg og afslöppuð framkoma þessarar brúneygðu konu. Í augum hennar speglaðist lífsgleði sem ég smitaðist strax af, auk þess kem mig langaði einfaldlega til að tala við einhvern sem myndi mér áhuga. Á meðan appelsínurnar rúlluðu eftir blaðgrænu eldhúsbordinu horfði ég með aðdáun á konuna stinga stórum deighleif inn í ofn.

— Þú fyrirgefur framhleypinna áðan, sagði konan um leið og hún tók af sér ofnhanskann. — Ég er sko ljósmyndari, bara stóðst ekki mátið.

Húni rétti úr sér, lagði sterklegar hendur á mjáðmir og horfði á mig.

— Hvaðan í ósköpunum fékkstu þetta dásamlega hárt og þessari fallegu, grænu augu? Svo starði hún rannsakandi á mig. — Það hlýtur hreinlega að renna í þér þessi hlöð.

Þrá þalþa, sagði ég og brosti ósjálfrátt út að eyrum.

Ég varð allt í einu óþægilega meyr og blótaði því í huga mér að geta ekki stjórnað þessum fíandans tilfinningasveiflum. Herti mig upp, ætlaði ekki að beygja af fyrir framan þessa konu sem ég hafði ekki þekkt í meira en nokkrar mínútur. Ekki gæti ég endalaust verið sá auðingji að geta ekki nefnt pabba á nafn án þess að klökkna.

— Pabbi minn er sko rauðhærður, já og líka freknóttur eins og ég, bætti ég við og kreisti fram bros.

— Ég skil, sagði hún og virtist skilja meira en ég hafði sagt. — Guð, sagði hún þá stundarhát rétt eins og hún rankaði við sér. — Ég gleymdi að loka blinum og taka hina pokana inn, það er ekki í lagi með mig, og svo hljóp hún hlæjandi út.

Ég leit í kringum mig. Eldhúsið var litrkt, í opnum hillum var fullt af leikrúkkum af öllum stærðum og gerðum. Í gluggakistunni voru ótal kryddjurtir og yfir borðkróknum húngu þjár nokkuð stórar ljósmyndir. Á einni þeirra voru kona og karl að kyssast. Ég sá ekki betur en að það væri appelsínukonan sem hallaði höfðinu og mætti vörum blökkumanns sem læddi litla fingri undir hlýra á brjóstahaldara hennar. Myndin var svart-hvítt en það var greinilegt að sólskin lék um sterklegan háls konunnar. Ég gat ekki slitið augun af myndinni og hrökk því í kút þegar sagt var fyrir aftan mig:

— Ómórstæðilegur elskhugi, frábært ljóðskáld. Líðin tíð, bætti hún við og brosti angurvært til mín um leið og hún lagði taupokana tvo á borðið.

— Auðvitað borðar þú með mér, er það ekki bara? Ertu nokkuð að flýta þér?

Ósjálffrátt hristi ég höfuðið og brosti til hennar.

— Já takk, endilega, ég hef nógan tíma.

Hún snei takka á eldavélinni og það mig að hræra í sósumni á meðan hún fyndi til pasta. Auðvitað hefði ég átt að segja nei takk og drífa mig heim. Hvernig í ósköpunum hafði ég ratað í óvæntar aðstæður á heimili konu sem gæti allt eins verið stórskrýtin og hættuleg börnum. Ég tók til við að hræra í ilmandi tómatsösu en skelli upp úr þegar ég hugsaði út í að ég væri að hræra í potti heima hjá konu sem ég vissi ekki hvað hét. Ég snei mér við, rétti fram höndina, hálfhissandi en líka feimin og sagðist heita Hrafnhildur.

— Rafanhildo, sagði hún gretti sig. — Nei, þetta er of erfitt nafn. Má ég ekki kalla þig eitthvað annað?

— Kallaðu mig bara Hildu, sagði ég.

— Hilda, endurtók hún. — Það sleppur. Heidi, sagði hún, — ég heiti Heidi.

Um kvöldið sat ég fyrir svörum þar sem Heidi vildi vita hvern mest um Ísland og var áhugasöm um náttúruna, umhverfismál og menntamálin. Ég sagði henni frá flutningunum, mömmu, Tryggva og stelpunum. Hún sagði mér frá syni sínum sem hún eignaðist með maninum á myndinni. Nú byggji hann hjá pabba sínum í Bandaríkjunum og væri að læra tölvuleikjafæði. Við borðunum að minnsta kosti tju ítalskar kjöbollur, fullt af pasta og þessum hálfri brauð sem var dásamlega gott.

Svo mikið spurði hún um umhverfsmálin að ég var í mestu vandræðum með að finna réttu svörin.

— Ég skal spyrja pabba um þetta, svaraði ég oftar en ekki.

— Ég þarf greinilega að hitta hann pabba þinn, hann er bersýnilega vel að sér.

Þá sýndi ég henni mynd af honum.

— Nei, annars, það er best að ég hiti hann ekki, ég hef alltaf fallið flöt fyrir rauðbirnum mönnum. Já, og dökkum svo sem líka, sagði hún spösk og dreypti á rauðvínsglasi um leið og hún leit dreymin á myndina á veggnum.

— Þessi lá í kassa í fimmtán ár, ég er nýbúin að taka hana upp. Fór allt í einu að hugsa með mér: Því ekki að heidra það sem var gott um tíma? Og guð má vita að betri elskhuga er ekki hægt að finna. Harry spilaði körfubolta í Trier og ég kynntist honum þegar ég var að taka íþróttamyndir fyrir bæjarblaðið. Komst að því að hann var ekki bara flinkur með boltann. Helvískur, bætti hún við brosandí og tók annan sopa af víninu.

Ég varð hálfheimin við að hlusta á hana tala svona, svo ég stóð á fætur og sagðist þurfa að koma mér heim. Á leiðinni sýndi hún mér garðinn sinn en þar var hún með alls konar ávaxtatré og grænmetisrækt. Mér fannst merkilegt að geta kippipt tómati af plöntu utandyra og stungið honum upp í mig.

— Ég hef ekki undan að tína berin, sagði hún þegar við gengum fram hjá kirsuberjatré. — Ég er ansi hrædd um að fuglarnir verði á undan mér.

Auðvitað var ég fljót að bjóða henni aðstoð mína einhvern næstu daga.

— Hefðirðu komið hálf tíma seinna hefði ég verið bryjuð á kirsuberjasósum. Næst fáum við okkur heita berjasósu með ís.

— Umm, ég elska allt með berjum!

— En berjapæ?

— Umm, já, ég er sjúk í það.

— En mamma þín og systur þínar?

— Já, alveg líka, sagði ég og lét vera að segja frá nýju stælnum í mömmu.

— Þú átt þá í það minsta eina vinkonu hér í Þýskalandi, sagði hún hlýlega þegar ég kvaddi. — Ég á eftir að kenna þér að tala almennilega þýsku, þú verður fljót að læra hana, ég heyrir hvað þú hefur góða tilfinningu fyrir vinkunni.

Síðan föðmuðumst við eins og bestu vinkonur áður en ég lagði af stað.

Mamma væri farin að óttast um mig, hugsaði ég með mér. Hvað ætti ég að segja við hana? Já, ég kynntist mamma okkar sem hafði verið að kaupa appelsínur sem milluðu niður innkeyrsluna hjá henni og beint í þungið á mér. Ég borðaði auðvitað hjá henni á meðan hún fékk sér tvö rauðvínsglós og sagði frá fyrirverandi vinkunnarskarakandi góðum elskhuga sínum. Við erum alltaf vinkonur og gott ef hún er ekki orðin þínu skotin í þalinn.

Líklega væri best að segja ekki neitt, sannleikurinn var of lygilegur.

Þegar ég kom út áttæði ég mig á því að hjólið mitt stóð enn ólæst á gangstéttinni. Ég renndi standaranum til hliðar og ætlaði að stökkva upp á það þegar sagt var hvassri röddu:

— Das darf man nicht!

— Afsakið, sagði ég á ensku og kom þá auga á flísatangarmanninn sem var að koma úr kvöldgöngu með stífgreiddan pínulífinn hund í bandi. Á hálsólími blíkkæði ljós.

— Þú mátt alls ekki leggja hjólinu á gangstéttina, sagði hann á frekar lélegri ensku.

— Afsakið, sagði ég og brosti breitt til hans.

Ég var í allt of góðu skapi til að láta viðbrögð hans fara í taugarnar á mér en gat svo ekki á mér settið og sagði: — Ætthir þú samt ekki að vera sofaður ef þú ætlar að hlaupa snemma í fyrramálið?

Síðan stökk ég á hjólið og var kominn heim mínútu síðar. Titrandi tók ég um húninn og bjóst við að mamma mætti mér með angistarsvip og skammir og væri jafnvel búið að hringja í lögregluna. Þess í stað sá ég barnið í padinn hans Tryggva í annarri hendi hans lýsa upp eynd einhverra flóttamanna í Sýrlandi þegar ég læddi einst eins og mús eftir ganginum.

— Hæ, sagði ég auðmjúk. — Ég var bara í hjólatúr. Þá sá ég að mamma var steinsofandi með höfuðið í kjöltunni á Tryggva. Ég þakkaði í hljóði fyrir allt

verslunarferðirnar sem höfðu átt sinn þát í að svæfa hana snemma þetta kvöld.

— Gott að þú ert ánægð með hjólið, elskan, ég hélt að þú værir uppi í herbergi.

Ég beygði mig niður að honum og hvíslaði:

— Em ... ertu til í að segja mömmu að ég hafi komið heim fyrir ... eða svona sirka þegar hún sofaði?

Tryggvi rétti upp þumalinn, bauð góða nótt og hélt áfram að lesa. Mér var svo létt að ég hljóp upp tröppurnar og nú kom ekki annað til greina en að hafa samband við Lindu. Ég var í sáttaskapi og sendi henni snapp.

Getum við sæst ... nenni þú að spjalla?

Premur sekúndum síðar komu þrjú rauð hjörtu í röð. Í fyrsta sinn í herberginu mínu í Þýskalandi dansaði ég af gleði.

## 12

— Sæki ég illa að þér, vinan?

— Nei, nei, ég var bara að vakna.

Amma hafði hringt og hún var hissa á að ég skyldi ekki vera komin á fætur klukkan að verða ellefu. Ég sagði henni að ég hefði spjallað lengi við Lindu kvöldið áður.

— Það er alltaf betra að vera sát en súr, sagði hún og þá vissi ég að pabbi hefði sagt henni alla sólaröguna.

— Varstu að tala við pabba?

— Hann kemur hérna annað slag. Í gær sótti hann hingað ullarpeysu sem ég var að setja olnbogabætur á. Ég átti smá afganga úr brúna leðurjakkanum hans af þíns. Það mættu fleiri vera jafn nýmir og hann pabbi þinn. Annars er hann að sækja í sig veðrið. Þú fylgist náttúrulega með.

— Nei, eiginlega ekki. En ég ætla að heyrast í honum.

— Ertu þá ekki búin að lesa nýjustu greinina hans?

— Nei.

— Þú finnur hana á netinu en ég er svo sem búin að klippa hana út og fleiri greinar sem þú hefur gætt og

vonandi gaman af. Ég er að safna þessu saman og ætla að senda þér. Það eru líka bækur á leiðinni, ég fór á bóka- markaðinn.

— Takk, amma, ég er samt með fullt.

— Þú mátt vera stolt af honum pabba þínum. Hann velgir þeim aldelis undir uggum.

— Hverjum?

— Nú þessum andskotans erindrekum af öllu tagi sem engu vilja eira í náttúru Íslands til þess eins að geta troðið gróðanum í eigin vasa og síðan strátt sig af afrekum sínum.

— Ókei, sagði ég bara og fékk smá samviskubít yfir að vita ekki meira um það sem pabbi var að skrifa.

— Þessar virkjanahugmyndir fyrir vestan hefðu aldrei átt að komast á teikniborðið. Ég er búin að segja pabba þínum að komi til þess að einhver þurfi að standa í vegi fyrir stórvirknum vinnuvélum þá megi hlekkja mig við þerr. Hálfdaud er ég hvort sem er.

Ég glöðvakraði við ákafann í ömmu. Hún hélt áfram að tala af miklum æsingi um náttúru Íslands og bölvæða ríða sem sjórnuðu landinu og færu út fyrir borgarinnirkin til þess eins að láta taka af sér glansmyndir fyrir hvarri kosningar. Hún var svo æst að ég að óttaðist að hún ferri aðra heilablæðingu ef hún héldi áfram og spundi þess vegna hvort hún ætlaði ekki bráðum að koma í heilbrigði til okkar.

— Já, ekki á meðan pabbi þinn er á kafi í þessari baráttu með faltri vinnu. Einhver verður að hlúa að manninum. Ég ætla mi líka að gefa mömmu þinni tækifæri á að koma til minnilegra fyrir. Þú veist hvað ég þoli óreiðu illa.

— Það er nú ekki eins og hann sé smábarn, leyfði ég mér að segja. — Og herna í Þýskalandi geturðu fengið nóg af reglusemi.

Þá skipti amma um umræðuefni.

— Ertu að adlagast nýja landinu, Hrafnhildur mín?

— Ég er að kynnast umhverfinu og svona, já, og þúin að eignast hjól.

— En einhverja vini, elskan?

— Já, eina vinkonu.

— Yndislegt að heyra, elskan. Verðið þið í sama skóla?

Kannski í sama bekk?

— Nei, reyndar ekki.

— Já, en þið getið vonandi brallað eit hvað saman.

— Örugglega.

— Ég sendi þér bráðum þækurnar.

— Takk, amma, annars þarf ég að fara að einbeita mér

að þýskunni.

— Ég er líka með nokkrar uppskriftir og ljóð eftir unga höfundu sem ég ætla að senda þér. Það er mikil gróska í ljóðagerð hjá ungu fólki. Mikil yrði gaman ef þú sjálf yrðir rithöfundur.

— Ha, ég?

— Þú spáir í það seinni, en vertu áfram dugleg að halda dagbók.

Svo kvöddumst við og ég lagði höfuðið á koddaverkið sem amma hafði saumað upphafsstaftina mína í.

Stuttu síðar hringdi dyrabjallan og mamma kallaði mig ákveðinni röddu. Ég druslaðist fram á stígarpallinn

í náttfötunum. Þegar ég leit niður sá ég mömmu standa í anddyrinu, eitt spurningamerki í framan. Við hlíð hennar stóð Heidi og hélt á ógeðslega girnilegri kinsu-berjaköku og horfði skælbrosandi upp til mín.

— Þessi kona, Heidi, hún er komin með köku til þín. Þið þekkið vist? sagði mamma og sagði mér með augnaráðinu að koma strax niður.

Það var ekkert annað í stöðunni en að gegna.

— Þú hefur kannski hárlitinn frá pabba þínum en ég sé vel hvaðan þú hefur fengið glæsileikann, sagði Heidi brosandí á ensku um leið og hún rétti mömmu kökuna og faðmaði mig svo að sér.

Út undan mér sá ég að mamma horfði til skiptis á okkur og kökuna, alveg gátuð. Af svipnum að deama mátti halda að kakan hefði dottið ofan af himni og beint í fangjð á henni.

— Mamma, Heidi er sko nágranni okkar sem ég hiti í þær, sagði ég. — Ætlarðu ekki að bjóða henni inn fyrir? Við gætum kannski fengið okkur köku saman.

Þegar leit ögrandi á mömmu sem flúði strax inn í eldhús. Völbúarnir voru ekki lengi að koma og sýna sig, vildu óhvar fá eina sneið strax og voru með sömu frekjuna og vinnulega. Heidi veiddi hálfan litra af rjóma upp úr sama þöppokanum og hafði leitt okkur saman daginn áður.

— Þú þarf að fá skýringar á þessu síðar, sagði mamma þinnþung á meðan hún þeytti rjómann.

Mér sýnu fegursta flugfeyjubrosi leit hún til Heidar sem var lögst á magann á gólfð og farin að klubba með þöppunum.

— Er svona yfirleitt í lagi með þessa konu? spurði hún og gjóaði augunum að dinglandi fótleggjum í marglitum pokabuxum.

— Ert þú í lagi? Gengur einhver annar en þú í svörtu frá toppi til tóar hárna í bænum? spurði ég mömmu sem lyfti brúnnum.

Undir dásamlegu kokuáti komu skýringarnar af sjálfu sér og ég fann strax að Heidi var jafn snjöll að tala við fólk og Þórhildur vinkona mömmu. Hún var heldur ekkert að nefna hvað við höfðum spjallað lengi saman um kvöldið. Fyrstu setningarnar við borðið voru stíðar og vandræðalegar en um leið og mamma fékk skýringar á upptaknum varð allt svolítið atslappaðra.

— Þú varst sko nýsofnuð þegar ég kom heim, náði ég að skjóta inn í.

Fyrir en varði var Heidi búin að bjóðast til að sýna mömmu góðar antlkverslanir og flóamarkaði og þóti mamma sé ekki alveg týpan í það var hún ekki lengi að taka boðinu. Það kom mér á óvart en kannski saknaði hún þess að eiga ekki vinkonu hér til að fara stundum úi með. Heima var hún alltaf að halda boð eða fara í boð og átti þar marga vini og kunningja. Mamma lét eftir sér að borða kókuna og ég sá ekki betur en að hún nyti þennan í botn, enda var kakann guðdómlega góð.

En svo færðist samtalið inn á aðrar þrautir. Mannum þurfti endilega að nota tækiferið og spyrja um þessa tví skóla sem hún hafði fundið á netinu áður en við komum út. Heidi mælti eindregið með Realschule, grunnskóla

fyrir eldri deildir, þar væru miklu fleiri innflytjendur og meiri fjölbreytileiki. Mamma hélt að Heidi hefði misskilið sig þangað til hún fór að segja Okkur frá fjölskyldu sem hún þekkti og var frá Íran. Tveir krakkar úr þeirri fjölskyldu hefðu farið í slíkan skóla og væru mjög ánaegðir.

— Það er svo þroskandi fyrir fólk af ólíkum uppruna að kynnast vel og tengjast vinaböndum, sagði Heidi þrosandi.

Mamma varð hræðilega vandræðaleg á svip.

— Algjörlega, sagði ég og sparkaði í mömmu undir borðinu.

— Já, einmitt, sagði mamma og reis á fætur til að ganga frá.

Þegar Heidi var farin sagði hún það ekki koma til greina að senda mig í innflytjendaskóla.

— Já, en ég er innflytjandi.

— Nei, það ertu sko aldeilis ekki, góða.

— Jú, ég var að flytja inn til landsins. Ég er nýflutt til Ísksalands, alveg eins og þetta fólk.

— Ekki frá þróunartíki eða stýrialdarsvæði, elskan, þu hlur frá þróuðu Evrópulandi. Það er einfaldlega allt annað.

— Af hverju?

— Þú hefur ekki gengið í gegnum allt það sem þetta fólk hefur orðið að þola, það hefur jafnvel þurft að hella langtímum saman í flóttamannabúðum og svo-húðin.

— Allu við að ég sé þá óþroskaðri og óreyndari?

— Æ, góða, láttu ekki svona! Þetta fólk er einfaldlega ólíkt okkur, Hrafnhildur! Og þar að auki hefur það kannski ekki gengið í skóla svo árum skiptir.

— Skóla lífsins samt.

— Æ, hættu nú!

— Mig getur samt alveg langað til þess að kynnast þessu fólk. Það er ekki eins og það sé eitthvað hættulegt!

— Það verður þá bara seinna og eftir öðrum leiðum. Þú græðir langmest á því að fara í skóla þar sem allir tala almenninglega þýsku. Þegar þú ferð áfram í háskóla eða annað framhaldsnám kynnistu þeim sem hafa komið sér vel áfram.

— Kannski langar mig ekki einu sinni í menntaskóla.

— Hrafnhildur, byrjaðu nú ekki eina ferðina enn.

— Má ég ekki segja það sem ég meina?

— Auðvitað ferðu í menntaskóla.

Málið er að skólakerfið hér í Þýskalandi er allt öðruvísi en heima á Íslandi. Strax eftir fjórða bekk fara bestu námsmennirnir í kröfuharðasta skólann sem heitir Gymnasium og endar með stúdentsprófi. Þeir sem eru miðlungsgóðir fara í þennan „Realschule“ og svo hinir sem alls ekki gengur vel í námi fara í „Hauptschule“ þar sem næstum opinberlega er gert ráð fyrir að krakkarnir fari að vinna um 16 ára aldur eða í startsnám. Skólinn sem Heidi mælti með er miðlungsskólinn og ef maður vinnur sig upp og fær háar einkunnir, þá er hægt að skipta yfir í menntaskóla. Mamma vildi að ég færi beint í menntaskólann. Ég var handviss um að hún vildi það af því að

þannig er það heima hjá öllum börnum vinkvenna hennar sem enda með góðu eða illu með stúdentshúfu á hausnum. Mér fannst hún ætla að troða á mig húfunni þótt ég hefði engan áhuga á stúdentsprófi, hvað þá þýskri stúdentshúfu.

— En ég kann enga þýsku, hvernig á ég að geta byrjað í nýunda bekk með krökkum sem hafa ekki gert annað en að vera nördar alla sína ævi og það á þýsku?

— Það er ekki eins og ég hafi ekki boðið þér að fara á þýskunánskeið áður en við komum hingað út. Ertu að æfa þig eitthvað á duolingó?

— Nei.

— Viltu þá ekki fara að byrja á því?

— Nei.

— Hefur þú virkilega áhuga á að brenna allar brýr að bakki þér, barn?

— Þú sérð um það fyrir mig með því að flytja mig hingað út.

— Hrafnhildur, það fara allir í menntaskóla á Íslandi miðvðið. Ég veit vel að þetta getur verið erfið í byrjun en ég hef fulla trú á að þú spjarir þig meðal jafningja í bestu skólunum hér.

— Í bestu skólunum fyrir þýska nörd meinarðu?

— Hvaða andskotans vidleysa er þetta, stelpa! Viltu þessi í kyggja á þig til að standa þig vel?

— Nei, ég hef engan áhuga á að standa mig vel og ég hafi engan áhuga á að flytja hingað út. Þú veist vel að ég vildi bara vera hjá pabba. Ég hef engan áhuga á þýskunámi, hér er ekkert nema gamalt fólk. Á ég að læra



þýsku til að geta spjallað við nágrannana um þvottaefni og pottaplöntur?

— Nú ertu í þessu landi, Hrafnhildur og hefur það bara ansi gott, með næststærsta herbergið í húsinu og nýtt hjól, í þessu dásamlega umhverfi og ...

— ... heyrir þú virkilega ekki hvað ég er að segja!? Óskraði ég.

— Getum við tekið þessa umræðu í rólegheitunum? spurði mamma, lygndi augum og hallaði höfðinu að dyrakarminnum.

Tvíturarnir höfðu heyrt í okkur og komu þjótandi og drekktu okkur í barnalegum spurningum sem hvorug okkar nenni að svara. Þær föðmuðu mömmu sem hafði gripið fyrir andlitið. Ég gekk enn á ný grátandi upp í herbergið mitt og steinsofnaði um hábjartan dag.

## 13

Ég áttaði mig á að ég hefði sofnið í nokkra tíma þegar Tryggvi vakti mig og það mig um að koma fram og horða kvöldmat. Þegar hann lagði höndina á öxlina á mér vék ég mér undan.

— Láttu mig í friði.

— Mér datt í hug, Hrafnhildur mín, að við gætum verið saman. Ég frétti að ykkur mömmu þinni hefði orðið myndurorða.

— Það er reyndar ekki þitt mál, svo skiptu þér ekki af því!

— Það er erfitt að gera það ekki, vinnan, svona sundurlyndi hefur ekki bara áhrif á ykkur tvær heldur okkur öll.

— Af hverju sendið þið mig þá ekki bara heim? Þá myndu þið lifað í sátt og samlyndi í þessari þýsku paradís. Það er allt er svo ódýrt og mikið vörurval, bætti ég háalega við.

— Hú það væri nú svo einfalt. Málið er að við viljum hafa þig hjá okkur því okkur þykir vænt um þig. Stelpurinn lítur.